| Kemur út<br>þriðja hvern<br>laugardag stærð<br>minnst ein<br>örk póstpappírs<br>arkir í einu | Sveitablaðið | Uppsögn ógild<br>nema komin sé<br>til útgefandans<br>fyrir 28 april<br>ár hvert |
|---|---|---|

# Fjallfari

| 6 árg | 1 blað | 7 hefti | No. 7 |
|---|---|---|---|

Hólakoti. 10 mars. 1906.

# Rjúpan.

Djúpt í fjalla háum hring
helgudum goðarúnum
er hulið kletta herfylking
huldur vörð á brúnum.
Dúra valla veður stríð
vindur gjallar svalur
blómin vallar kúra í kyrð
kaldur er fjalladalur.
Frostið öllu fjötur lér
fýkur snærinn djúpur
hvítt þar líta ekkert er
utan fáar rjúpur
Rjúpan þrokar þrauta kafin
þar í illviðranum
hún í hvíta kjólnum sínum
komin er að vonum

Lítil fiima hægt er hoppa
hungrið sem að rísi
freðinn klaka kaldri loppu
krafsar smáa ágrið.
Hvað er finnur fuglanginn
frosið, visið, étur
ekki hól í sarpinn sinn
safnað sína getur
Þorir ekki að fljúga frá
fjalli, í betri stað
áttast morðtól manna þá
er mörgum varð að skaða
Valurinn líka bels í bil
brýndi margri rjúpu
margt að varast bezt því til
bítar andinn gljúpur
Horfir fram á hættu leið
hungrið móð út sýgur
rjúpan hörmung hart þó kveið
hefur sig og flýgur.

Lágt í dala kyrri hlíð
hún og niður setur
og með kæti kornin þýð
kroppar nú og étur
Hungrið sefast, hugurinn
hörðu gleymir stríði
fyllir líka sarpinn sinn
södd þá engu kvíðir
Sig í þúfna húsin krans
kuldi og mæðu dvínar
lofar gæsku gjafarans
gáfu fyrir sína
Veit í fyrri fuglinn þar
flemtur hjartað vefur
maður brátla byrtist þar
byssu í sigti hefur
Rjúpan dauðans angist í
afli beitir sínu
flugið þreytir nú á ný
nýja forðast pínu

Á hánni stein við hamra gil
hvíldar verður staður
svo að betur sjái til
sig ef eltir maður.
Kastar móði fuglinn frá
frelsis von sig hefur
yfir svifur blundur brá
brjóstið ró um vefur
Hrekkur upp við hávan þyt
hennar móði gremnir
valur grimmur grár að lit
greitt sér þangað rennir
Eggi hvíta aumingjann
atlar feng þann hljóta
frekt því hvata ferðum vann
frelsins vill njóta.
Búinn dauða sinn hún sá
sælu stundir flýja
átök löngun lífsins þá
lét krapta nýja.

Ofsa hart sem ör af streng
undan valnum flúði
traust því móði fordæst feng
fjörið öllum knúði.
Tæmist kraptur, lítinn vegg
trilld að elting stíður
uns að bogar viður vegg
varpar hún sér niður.
Þorði valla valurinn
vegginn undir fljúga
því má rani ránfuglinn
ríður þaðan snúa
Norri sprungið brjóstið bjart
bifast fuglsins smáa
eptir kappflug tíma hart
kúrði undir veggnum háa
Brátt frá líður mæðin mest
magnast lífsins kraptur
svo í ró lífþörin flest
fara að starfa aptur.

Um það leyti krakki ókyr
kom og hana lítur
samt þó rjúpan svo sem fyr
sællar hvíldar nýtur.

Stundu síðar sér á leir
sönnu úr hanum vegi
feta drengir fríðir tveir
furðu vingjarnlegir

Sín á milli báru band
brátt hver endan flytur
veggjum undir gjarn á grand
gát hvar rjúpan situr

Vill ei bíða fuglinn frjáls
flugi beitir linu
snara þó um hennar háls
herðir að andrúminu

Drengurinn að heppni hló
hrædda dýrið grípur
þá næst snöru af hálsi dró
hún þá loptið sýpur

Viðbragð tók þá varði nýst
var hún laus með sama
glettin þá um brjóstið brýst
bilgjan lokkar ama

Hvergi þóris enn að á
afsökn flestri kvalin
ómædd fljúga aptur má
upp í kalda dalinn.

Sigurjón Jónasson.

## Vorvísa

Augunum tíðum yndi ler, í vorblíðum þekka
lömbin fríð þá leika sér, létt í hlíðar brekku

## Haustvísa

Uppvaknaður eyk og sól
yndi er það að líta
árdags glaða er gyllir sól
grá fölvaðan Tindastól

Sigurj. Jónasson

# Apturför „Fjallfara“

Það hafa heyrst raddir um það bæði í „Fjallfara“ og þess utan, að sveitablaðið okkar væri orðið niðursetn-ingur, og það til þess fært, að ritstörfin í blaðið væru orðin nauðungarverk, sem hver ritnefnd væri skilduð til að inna af hendi, hvort sem henni væri það ljúft eða leitt, og blaðið væri auðsjáan-lega í apturför.

Þessu hefur verið að nokkru leyti mótmælt og til þess færð þau rök að þetta ólag sé af því komið að fyrstu ritnefnd, á hverjum vetri séu ekki sendar neinar ritsmíðar og svo gjaldi hver ritnefnd annari í sömu mynt. Það mun rétt vera að þetta geti verið nokkur ástæða, en aðalorsökin dylst mér ekki að sé áhugaleysi fyrir blaðinu og framförum þess, og þetta finnst mér ekkert annað en apturför, því af áhuga fyrir blaðfélaginu hefur það verið, að efni blaðsins var fjölbreyttara fyr meir en það er nú.

Stundum hefur mér dottið í hug að apturför „Fjallfara“ sé einmitt elli að kenna þó hann sé nú ekki eldri en þetta; fólkinu þyki eitthvert ellibragð að honum, því er með öðrum orðum farið að leiðast hann. Það eru sumir svo gjörðir á þessum breytinga og framfaratímum, að þeir vilja helst alltaf hafa eitthvað nýtt.

En það má með vissu telja orsök til apturfarar blaðsins að meðlimirnir fækka stöðugt, sumir ganga úr félaginu, og aðrir flytja burt, en engir nýjir bætast við; stefna blaðsins er líka alveg orðin umsnúin við það sem áður var; nefnil. sú, að unglingar væru í blaðfélaginu og rituðu í það sér til æfingar og lærdóms, en nú má svo heita að ekki séu

í blaðfélaginu aðrir en þessir fáu bændur sem auðvitað hafa nóg að gjöra og hugsa bæði morgna kvöld og miðja daga, mér finnst því valla hægt að búast við sjálfkrafa efni frá þessum fáu mönnum.

En þó kemur mér það nokkuð undarlega fyrir að þessir meðlimir skuli vera að tala um þyngsli af „Fjallfara“ sem niðursetning.

Það er auðvitað að við höfum meira en nóg af ýmsum gjaldþyngslum sem okkur eru að meira eða minna leyti ósjálfráð; en þessi byrði hann „Fjallfari“ litli; er okkur vissulega sjálfráð, það hljóta allir félagsmenn að muna að á blaðfélagsfundi síðastliðið vor, var samþykkt í einu hljóði að halda blaðinu áfram en það er auðvitað ómögulegt nema með ritsmíðum, og það vissu félagsmenn þegar þeir greiddu atkvæði með áframhaldi blaðsins; en til hvers eru menn þá að mögla um þá byrði er þeir sjálfir hafa þannig viljandi bundið sér á herðar

Það er frá mínu sjónarmiði - að minnsta kosti aldrei til neins, og jafnvel ómannlegt.

Það er og enn einn þáttur áhugaleysisins sem fram kemur í þessu sambandi nefnilega það að ekkert mál er rætt, nema frá einni hlið, flestir láta það gott heita sem þessi ritar og svo fellur það í þagnargildi; og þó eru það ekki allir; sem ekki er von; sem eru hinni og þessari ritgjörð samdóma í anda og sannleika en menn víðra það svona fram af sér að svara þeim, ýmist fyrir annir eða áhugaleysi eða hvorttveggja; þó er og víst um að flestir eru mér samdóma um það, að Sveitablað getur aldrei verið fjörugt eða skemmtilegt, og jafnvel ekki haldist við, ef málin sem þar er ritað um, eru ekki rædd nema frá einni hlið, það þurfa ekki að vera neinar persónulegar deilugreinar fyrir því.

Eg fyrir mitt leiti get valla búist við því að svona fáir meðlimir endist til að fitja

einlægt upp á nýjum málefnum, þegar valla aldrei er ritud nema ein grein um hvert þeirra.

En það er hapið að þetta geti lagast eins og nú stendur, það eina sem eg álít að geti haldið lífinu í „Fjallfara“ framvegis er það: ef hægt yrði að fjölga meðlimunum ofurlítið því þá er vonandi að fram kæmu nýjar hug- myndir, sem þá kannske yrði rætt um frá fleiri hliðum.

Það þarf að fá unga fólkið, þó fátt sé, til að ganga í félagið og rita í blaðið sér til æfingar, skemtunar og menntunar, það er enginn efi á því; eins og svo oft hefur verið tekið fram, að það getur haft mikið gott af því. Og ef það tekist þurfa hinir eldri og reyndari að taka höndum saman við þá yngri, og sýna þeim fram á nýjar hliðar málanna, og miðla þeim upplýsingum af lífsreynslu sinni.

Takist þetta ekki, held eg að „Fjallfari“ eigi ekki langa framtíð fyrir höndum

því eg get valla búist við að félagsmenn gjöri athvæði með því að halda við sínum setningunum framvegis, þar sem flestir af okkur félagsmönnum eru til þess bæði efna og vilja litlir.

Sigurj. Jónasson

# Sjón Goethes

(Smásaga)

Goethe segir svo sjálfur frá, að hann hafi eitt sinni séð á förnum vegi ríðandi mann í gráum klæðum bryddum með gullborðum, – „og eg sá að þessi maður var engi annar en eg sjálfur“. Og reyndi að átta mig og sjónin hvarf mér. 8 árum síðar var eg staddur á sama stað; og þá var eg ríðandi og af hendingu var eg þá í þeim búningi sem mig hafði órað fyrir 8 árum áður“.

# Skiprúmsráðning

Síðastliðið ár las eg grein í „Fjallfara eptir Sigurð Björnsson með fyrirsögn: „Um daglega hirðing sauðfjár“

Eg er höfundi nefndrar greinar þakklátur fyrir hreifingu þessa máls og gefnar leiðbeiningar viðvíkjandi sauðfjár hyrðingu.

Enda þótt eg hefði óskað eptir að hann hefði gjört um betur, og tilgreint, hvað hann teldi hæfilegt vetrarfóður handa hverri kind, og hverra afurða mætti vænta í hlutfalli til þess; með því hefði myndast takmarks punktur fyrir bæði mig og aðra að stefna að.

En hvað um það, fyrst hann sýndi mér og öðrum félagsmönnum þá velvild að gefa gömlu arkarferjunni útá þann sjó, þá er best eg ráðist fyrstur háseti hjá honum enda þótt eg ~~vit~~ gangi að því vísu, að hann snúi á mig í hverjum túr sem við tökum og jafnvel gjöri mig slituppgefinn þá treysti eg honum til þess að gjöra mig hlutjafnan sér, þar sem það er héraðsiður að gjöra lélegasta sjómanninum hlutjafnann þeim 2
duglegasta. Eg veit það vel að það verður mjög erfitt fyrir formann minn að halda út með mig einann, en eg get ekki annað skilið en margir samsveitungar mínir séu jafnþurfandi sem eg, fyrir að haldið sé þannig út þá vona eg honum veitist bæði meira og betra lið, þar sem hverjum einum er alveg óhætt að álíta formanninn góðann, og valla hilar ferjan í öllu skapilegu, leifi eg mér því að benda á það hverjum sem nokkurn tíma hefur; að fylla arkarrúmið sem best úr því fullyrða má, að til ~~þeirrar~~ engrar starfsemi verjum við betur vetrar tómstundunum og aldrei mun sá vetur yfir okkur koma að svona lögum útgjörð borgi sig ekki vel

og best þegar tíðarfar er lakast, þó
einkennilegt virðist vera.

Enda eg svo þessa skiprúmsráðningu
og sest niður við árina mína.

S. Bjarnason

## Meiningamunur

Eg get ekki verið á sama máli og S. Björnsson þar sem hann segir í grein sinni, um daglega hirðingu sauðfjár að sama sé hvort fénu sé gefið vatn að drekka sér til svölunar á vetrum eða það sé látið hafa snjó til þess, einungis ef annaðhvort er stöðugt.

En eg segi það sé eptir því sem ástendur með hey hvort betra sé að viðhafa.

Aðalskilyrðin til þess að geta hirt vel sauðfé sem inni á að gefa tel eg þessi:

Að fjárhúsin séu í góðu lagi svo sem loptgóð, lekalítil og björt. Að heyið sem fóðrað er á sé vel verkað og kraptmikið.

Séu þessu skilyrði fyrir hendi, þá er vafalaust hægt að fóðra á litlu heymagni en láta þó féð líta vel út, sem ætíð ætti að sitja fyrir hjá öllum fjáreigendum og fjárhirðirum. Sé heyið svo gott að maður geti haft frá 7 til 11 kindur um hálftunnu hneppi, þá álít eg sé best að gefa fjenu einusinni á dag og láta það hafa snjó sér til svölunar þegar mögulegt er að ná til hanns, fjármönnum ríður mikið á því að vera athugulir og vandvirkir, og sérstaklega gæta þess að verka vel fjárhúsin, og gefa fénu nákvæmlega á sama tíma dag hvern.

Þegar menn hafa svo slæmt eða vont fóður, að ekki sé hægt að hafa nema 4 til 7 kindur um hneppið, þá er vafalaust betra að gefa fénu tvisvar á dag, vegna

þess að valla mun vera hægt að fá féð til að éta í einu svo mikið af þess konar fóðri, sem það þarf sér til viðhalds eða góðra þrifa, og þegar svona stendur á með fóður þá er bráðnauðsynlegt, margra hluta vegna að gefa fénu vatn, svo heilsu þess sé betur borgið, því enginn drykkur er hollari hvorki mönnum né skepnum en gott vatn.

Ef vanir fjármenn vildu rita um þetta mál, sem vel er þess vert, hver fyrir sína reynd, mundu verða margbreyttar skoðanir, og menn gætu að mínu áliti margt ~~að þá~~ lært af reynslu hver annars því margar bætur liggja til fjárhirðingar og fjárræktar vorrar, eins hefði það mikla þýðingu í því tilliti að uppvaxandi drengjum sem fyr eða síðar yrðu fjárhirðar, minnsta kosti sumir þeirra, að þeim gæfist kostur á að heyra álit ýmsra góðra fjármanna í því efni þar að óhætt er að fullyrða að margur gengur að því starfi undirbúnings og athugalítið þó bágt sé til þess að vita um jafn þýðingarmikið starf eins og fjárhirðingin, það er því óhætt mun að segja að hún sé eitt af hinum allra þýðingarmestu störfum hins Íslenska landbúnaðar.

Sigurfinnur Bjarnason

## Spakmæli

Menn segja að konurnar stjórni heiminum, eða ráði yfir oss karlmönnunum. Er þá ekki hyggilegt að gjöra þær svo upplýstar og fullkomnar sem kostur er á því þess skynsamlegar stjórna þær heiminum og oss.

þá var allt búið, og málið jarðsungið með
lítilli viðhöfn. auðvitað voru þær upplýs-
ingar sem Sigurður gaf ekki uppörfandi
sem þær hefðu þó líklega heldur þurft að vera
hefði málinu átt að miða nokkuð áfram, en
ekki fannst mér samt, að þær væru svo, að
menn þyrftu að leggja árar í bát, og hætta
við allt saman.

Ef eg man rétt þá minnir mig
að Sigurður teldi hæpið að rjómabú.
sem ekki hefði allt að hundrað kúm (eða
100 kýr á svæðinu sem að því sæktu) gæti
borið sig, en hann áleit að við myndum
hanske fá Laxdæli með okkur og var þó
nokkur von um það, og svo tel eg víst að Borg-
sveitungar, myndu líka verða með, það
er að segja ef ekki yrði búið að stofna
annarstaðar rjómabú sem eins þægilegt
væri fyrir þá að sækja að. Og er það eitt
sem mælir með því að við förum að starfa

eitthvað í þessu.

Ef nú Borgsv. og Laxd. skyldu verða
með, þá held eg að fáist nú 100 kýr á öllu
þessu svæði, því mig minnir að sagt væri
í fyrra að vera myndu kringum 90 kýr
og kúgildi hér á Reykjaströnd og Göngusk-
eg ímynda mér líka að óhætt sé að telja ærnar
með; því skyldi það ekki borga sig að færa
frá ef menn ættu kost á að vera í rjómabúi?
það er enginn vafi á því allra síst hér þar
sem víðast hvar mun vera heldur gott
undir bú, og líka hagar svo hér til sum-
staðar að nota mætti sama smalann af
fleirum en einum. Ef nú að fleiri
partarnir af bændum færðu frá á þessu
svæði, þá er enginn vafi á því að kýr og
kúgildi á svæðinu sem að rjómabúinu
sæktu yrðu nokkuð á annað hundrað
og vafalaust að búið myndi bera sig og
þá eflaust þætti mönnum það strax borga sig

sig að koma því upp.

Ekki er hægt að segja að við Strandarbúar stöndum illa að vígi hvað flutning á rjómanum snertir, því það getur tæpast verið þægilegra þar sem þetta er ein bæja röð og vegurinn liggur rétt við túnin á öllum bæjunum á ströndinni og vegalengdin ekki heldur svo afskapleg ekki, að minnsta kosti við það sem samstæðar er annarstaðar.

Þá er ekki hægt að segja að óþægilegt sé að koma frá sér ~~[illegible]~~ smjörinu, og geng út frá því að rjómabúið yrði við Skraksiduána eins og stungið var uppá í fyrra, og það er nú heldur stuttur flutningur ofan í Króksfjarðarnes, og líkast til að gjöra mætti akbraut alla leiðina ofaneptir, án voða mikils kostnaðar, samt skal eg nú ekki segja neitt um það því þó eg hafi farið þar um þá skefeg nú ekki vit

því neina séstaka eptirtekt, en ef það væri þá yrði flutningur smjörsins ekki til fyrirstöðu.

Reynslan er nú búin að sýna mönnum það, að engir fá eins mikið verð fyrir smjör eins og rjómabúin og það peninga, það er heldur ekki vonum, því það verður mikið vandaðri og betri verslunarvara, þó auðvitað, að frá mörgum sérstökum bæjum sé smjörið vandað og gott, þá er það aptur sumstaðar alveg óbrúkandi og jafnvel ekki líkt neinu smjöri.

Auðvitað er verðið á smjörinu alltaf heldur að lækka, en það er ekki neinu öðru að þakka en því að rjómabúin eru óðum að fjölga, og stafar á því það af leiðandi meiri þar sem öll rjómabú selja sitt smjör utanlands, en mikið vantar nú á það að kaupmenn ~~eptir tima~~ ~~[illegible]~~ / taki smjör með sama verði og

sjómenbúin fái fyrir þad, því valla mun vera hægt ad fá fyrir þad meira en 65–70 aura hér og valla þad hjá kaupmönnum sjómbúid, fyrir handan fékk 80 aura fyrir sitt smjör í sumar ad frádregnum öllum kostnadi, hvort þad hefir verid hærra eda lægra verd veit eg ekki, eg man ekki eptir ad eg hafi séd hvad ~~f~~ smjör hefir selst frá ödrum sjómabúum. ~~—~~ En þó verdmunurinn sé ekki meiri en 15–20 aurar á hverju pundi þá getur þad þó ordid nokkur upphæd, ad minsta kosti fyrir þá sem hafa nokkud mikid smjör.

Nú kunna sumir ad segja ad meira þurfi til ad koma upp sjómabúi, en skrifa um þad nokkud ófullkomin ord, vid höfum lítla peninga eda krapt til þess, því um lid og menn gangi í þad félag þá þurfi medur ad fá sér skilvindur og fleira, þad er satt, ad engin getur verid þar í ~~þó~~ ~~...~~ félagi nema ad hafa skilvindur, en menn munu nú seldur telja þad kost en löst þegar þeir eru farnir ad venjast þeim, því skilvindu ætti hver bóndi ad eiga sem á kú. Þó sumir haldi á móti þeim, og segi ad mjólkin úr þeim verdi svo ónýt, og ekkert betri en vatn, þá er þad sem önnur vitleysa, og kemur bara af þekkingarleysi.

Ef menn fara í þad ad koma upp sjómabúi hér, þá yrdi audvitad ad taka peninga lán, og þá væri hægt ad hafa þad svo mikid ad menn getu líka fengid sér skilvindur, því sumir á svædinu munu ~~t~~ hæpast vera megnugir þess, ad leggja fram eda réttarsagt borga í einu þá upphæd sem fyrir skilvindu þarf.

Lán til sjómabúa fæst alltaf og billegra en önnur lán, þad rentulaust fyrstu 3 árin og svo lægri renta (ad mig minnir) á því en ödrum lánum.

Eg býst nú við að mönnum þyki nú
nóg komið af svo góðu, og þess vegna sé
best fyrir mig að fara að slá botninn í
þetta. En gott væri samt ef einhver
vildi íhuga málið, og annað hvort ræða eða
rita um það og reyna með því að knýja
því áfram í áttina. Eg veit það, að marg-
ir á þessu svæði sem F.f. gengur um eru
færari til þess en eg, en af því ekkert
hefir verið hreyft við því í vetur þá þannst
mér eg mega til með, að hefja máls á því,
af því líka að mér blandast ekki hugur
um að það er nauðsynja mál fyrir okkur
eins og aðra, og þegar sjórinn bregst okkur
(og hvort sem heldur væri) eins og hann
hefir brugðist okkur núna nokkur ár þá
finnst mér liggja næst að menn reyni
að hafa það gagn sem helst er að hafa af
landbúnaðinum, hvort svo heldur hann
er í smáum eða stórum stíl.

K.B. Erlendsson

# Ljótur ávani

Það er margt sem reyndar svo má
nú kall ljótan ávana, t.d. tyggja tóbak
drekka brennivín, blóta, og margt fleira
sem eg nenni ekki að vera telja hér upp
af því líka, að það var ekki nema einn
sérstakur ávani sem eg ætlaði að minnast
á hér, en hann á nú samt ekki heima
hjá öllum, en margur hefir samt einhvern
snefil af honum, og þarfsta þægi legt að
verja sig á hann, einkanlega fyrir unglingana.

Jæja mönnunum mun fara að þykja fróð
legt að vita hvað þetta er nú sem eg er
að bögglast með, já það er það, að þegar menn
eru við vinnu þá geta þeir aldrei talað orð
nema að hætta við það sem þeir eru að gjöra.
Eins og eg sagði áðan eru ekki allir
með þennan galla en því miður

fjórða margir, auðvitað hvortveggja
konur og karlar. Þetta er ekkert nema
ávani, og það er mikið að fullorðið fólk
skuli ekki taka eftir þessu, og venja sig af
því, þó það hafi vanist á það meðan það
var að vaxa upp.

Það er leiðinlegt að sjá til fólks stundum á sumrin við heyvinnu t.d. þar sem margir eru nú saman, ef einn talar orð, hana nú, þá er að hætta við sláttinn eða rakstur inn, auðvitað ekki lengi í einu, en þetta getur dregið sig saman yfir daginn og er þar að auki bæði ljótt og óþarft, því geta menn ekki talað ~~saman þó~~ hver við annan ef tveir eða fleiri eru í samverki án þess að hætta við það sem þeir eru að gjöra, það er að segja þeir sem á annað borð hafa mál, því ekki vinna menn með munninum. Nú finnst vinnutími ekki vera orðin svo langur nú, víðast hvar, að ekki sé hægt að halda það út fyrir fullfrískt fólk, þó það vinni í 12-14 tíma, en standi ekki, masandi hvað framan í annað svo tímum skiptir.

Enginn skal taka þetta svo að eg álíti til þess að menn séu þegjandi við vinnuna, ef þeir eiga kost að tala við einhvern, nei það er langt frá því en eg vil láta þá halda áfram að vinna fyrir það, og flestir góðir eða rétta sagt gott vinnufólk, er laust við þennan galla. Þegar eg er í samvinnu með svona fólki þá hef eg það fyrir reglu að tala sem minnst við það helst ekki neitt. Það er þó ekki skemmtilegt ef nokkrir menn eru saman að vinna að mega ekki tala við þá sér til gamans og stundum máske til gagns, en það er tilfellið, að maður má það ekki ef vinnan á að ganga vegna þessarra orsaka sem eg

nefndi ádan. Þad er edlilegt ad ung-
lingar venjist á þetta ef þeir sjá þad fyrir
sér, og svo líka af hugsunarleysi, en þá
eiga þeir fullordnu ad segja þeim til,
þegar ég var strákur, þá hætti mér til
ad gjöra þetta, einusinni spurdi húsbóndi
minn mig ad vid vorum þá ad slá á tún
inu, hvort ég slæi med munninum,
nei, audvitad gerdi ég þad ekki, ég lét mér
þetta ad kenningu verda, og fór ad reyna ad
venja mig af þessu, og ég get vel verid med
ödrum í samverki og talad vid hann, án
þess, ad styðja mig framaná orfid eda halda
ad mér höndum medan ég er ad tala.

Þad er því best fyrir unglingana ad
venja sig aldrei á þetta, þad getur vel
verid ad þeir vinni einhverntíma fyrir
sjálfa sig, og þá gjöra þeir sér jafnmikinn skada
med því eins og þeir gjöra ödrum sem
þeir vinna hjá.

H. E.

Vidkomustadir [illegible]

| | | [illegible] mars | [illegible] mars |
|---|---|---|---|
| Ingveldarstadir | (ytsti bær) | 14. | 14. |
| | (mid bær) | 17 | 17 |
| | (sydsti bær) | 17 | 18 |
| Hólkot | | | |
| Dagverdarstadir | | | |
| Hólakot | | 21 | 22 |
| Fagranes | | | |
| Steinn | | 26 | |
| Meyjarland | | 28 | 29 |
| Innstaland | | " | " |
| Skard | | " | " |
| Vedramót | | " | " |
| Kálfárdalur | | " | " |

Fjallfari

1906